

Fundarboðandi: Berglind Helga Bergsdóttir *Fundarstaður:* Matvælastofnun, Dalshraun 1b, Hafnarfirði

Fundarstjóri: Sigurborg Daðadóttir *Dagsetning:* 26. maí 2023

Fundarritari: Berglind Helga Bergsdóttir *Fundartími:* 13:00 – 14:20

Pátttakendur: Sigurborg Daðadóttir (Yfirdýralæknir/ formaður Fisksjúkdómanefndar), Gísli Jónsson (Sérgreinadýralæknir fisksjúkdóma hjá Matvælastofnun), Berglind Helga Bergsdóttir (Sérgreinadýralæknir fiskjúkdóma hjá Matvælastofnun), Guðni Magnús Eiríksson (f.h. Fiskistofu), Ásthildur Erlingsdóttir (f.h. Tilraunastöðvar H.Í. í meinafræði að Keldum), Guðni Guðbergsson (f.h. Hafró) og Raket Guðmundsdóttir (f.h. Hafró).

Dagskrá

- Ráðgjöf til Matvælastofnunar vegna umsókna um lyfjameðhöndlun eldisfiska
- Umsókn um innflutning á fullþroska styrjum og frjóvuguðum styrjuhrognum

Umræða

1. Ráðgjöf til Matvælastofnunar vegna umsókna um leyfi til að lúsameðhöndla eldisfiska í sjókvíaelði

- Umsókn um leyfi til lúsameðhöndlar á eldislaxi með Salmosan (Azamethiphos) lúsalyfi á Tjaldanesi í Arnarfirði: Út frá fyrirbyggjandi gögnum um núverandi stöðu og þróun mælir Fisksjúkdómanefnd með að fiskur í umræddum kvíum verði meðhöndlaður samkvæmt umsókn.
- Umsókn um leyfi til lúsameðhöndlunar á eldislaxi með Alphamax (Deltamethrin) lúsalyfi í Hvestu í Arnarfirði: Út frá fyrirbyggjandi gögnum um núverandi stöðu og þróun mælir Fisksjúkdómanefnd með að fiskur í umræddum kvíum verði meðhöndlaður samkvæmt umsókn.
- Umsókn um leyfi til lúsameðhöndlunar á eldislaxi með Alphamax (Deltamethrin) lúsalyfi við í Kvígindisdal í Patreksfirði: Út frá fyrirbyggjandi gögnum um núverandi stöðu og þróun mælir Fisksjúkdómanefnd með að fiskur í umræddum kvíum verði meðhöndlaður samkvæmt umsókn.

2. Umsókn um innflutning á fullþroska styrjum og frjóvuguðum styrjuhrognum

Það er mat nefndarinnar að kalla þurfi eftir frekari gögnum. Málið verður tekið upp síðar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl 14:20.